

Borgarráð

Hafnarstræti 17-19, aflétting kvaða

Óskað er eftir heimild borgarráðs fyrir afléttingu kvaða á Hafnarstræti 17-19 fastanúmer F2000243.

Þinglýstur eigandi Hafnarstrætis 17-19 hefur leitað til sýslumanns til að fá eftirfarandi kvöðum aflýst:

- 1) Kvöð, varðar stækkun á skúr og að fjarlægja hann, skjalsnúmer er 411-B-09134
- 2) Kvöð, að því er varðar niðurrif og frágang á baklóð, skjalsnúmer er 411-B005912/1997 á fastanúmeri 200-0243
- 3) Kvöð, v. Útlits og fyrirkomulags breytinga, skjalsnúmer er 411-K-08186 á fastanúmeri 200-2621
- 4) Kvöð um að taka burt viðbyggingu, skjalsnúmer er 411-P-04141 á fastanúmeri 200-2621
- 5) Kvöð um að taka burt geymsluskúr, skjalsnúmer er 411-R-08260 á fastanúmeri 200-2621

Lagt er til að fella niður þessar kvaðir enda hefur niðurrif, og frágangur, nú þegar verið framkvæmt. Byggingafulltrúi gerir engar athugasemdir varðandi aflýsingu á þessum kvöðum.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertevig
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Kvöð 411-R-08260

Kvöð 411-P-04141

Kvöð 411-K-08186

Kvöð 411-B-09134

Kvöð 411-B005912/1997

260

Samrit

B/280

Á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur 9. desbr. 1954 var samþykkt að leyfa Sverri Sigurðssyni kaupm., Grenidæl 16, Reykjavík, að byggja geymsluskúr úr timbri á lóðinni nr. 18 við Hafnarstræti hér í bænum. Stærð: 46,92 ferm., 140 rúmmtr.

Leyfi þetta er því skilyrði bundið, að byggingin verði tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður.

Bæjarstjórnin hefir stöðfest þessa ályktun.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 17. desbr. 1954.



Stenþór Þorsteinsson
en.

25/12/54 Samþykktur:

Sverri Sigurðsson

Vitundarvottar:

Rósa M. M. M.
Dr. G. G.

Kvæðarinnar er getið.
Lofaskráritarið í Reykjavík 16/12/55
Gjald kr. *90000*
Greitt *Stenþór Þorsteinsson*

141

B/280

Byggingarnefnd og bæjarstjórn hafa samþykkt að leyfa Sverri Sigurðssyni kaupm., Hringbraut 208, Reykjavík, að byggja brúðabingðaviðbyggingu við húsið nr. 18 við Hafnarstræti hér í bænum, með því skilyrði að viðbyggingin verði tekin burt af lóðinni, bæjarsjóði Reykjavíkur að kostnaðarlausu, hvener sem krafist verður, með 3ja mánaða fyrirvara. Viðbyggingin verður 63.78 ferm. að grunnfleti.

Samþykkt þessi var gerð á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur hinn 13. nóv. 1941 og var hún síðan samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur hinn 20 sama mánaðar.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 27. nóv. 1941.

Bjarni Benediktsson

Samþykkur:

Bjarni Benediktsson

Vitundarvottar:

A. Andriasson
A. Halldórsson

MÓTSTA 14 1 1942 16
15 1 1942
14 1 1941

Samrit

B.280


186.

Á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur hinn 28. október 1954 var herra Sverri Sigurðssyni, Greni-mel. 16, Reykjavík, leyft að gera útlits-og fyrirkoma-lagsbreytingar á húsinu nr. 18 við Hafnarstræti hér í bænum.

Leyfi þetta er því skilyrði bundið, að verð-hækkun á húsinu, sem þessi breyting kann að hafa í för með sér, komi til frádráttar kaupverði, ef bæjarsjóður Reykjavíkur síðar þarf að kaupa eignina vegna skipulags-ins eða af öðrum ástæðum.

Framangreind ályktun var staðfest á fundi bæjarstjórnar 4. nóvbr. s.l.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 5. nóvember 1954.

 Gunnar Thorsson

Samþykktur:

Arni Þ. Arnarson

4 1 55 14

K. 8. 186.

25.-

25.-

Vitundarvottar

Þóra Sjöfnisd.
Cecilia Þóðard.

Kvæðarinnar er gætt.
Lóðaskráritarinn í Reykjavík 29/2.54
Gjald kr. *gætt*
Greitt *Arni Þ. Arnarson*

134

Samrit

B/871

Á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur 25. ágúst
1955 var Othar Ellingsen kaupm. leyft að breyta skúr
á lóðinni nr. 17 við Hafnarströti. Stækkun 123 ferm.;
370 rúmantr.

Leyfi þetta er veitt til bréðabirgða og er
bundið því skilyrði, að umædd bygging verði fjarlægð, bæjar-
sjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

Bæjarstjórnin hefir á fundi sínum 2. sept. sl.
staðfest þessa ályktun.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 8. sept. 1955.

Gunnar Thors

Samþykktur:

Othar Ellingsen
Hannalárusdóttir
Þórunn Magnúsdóttir

Vitundervottari:

Gunnar Petursson
Cecilia Þórhildardóttir

15/3 1956 kr 10
139 124
25
25

Kvaðarinnar er gefið.
Léðaskrárritariinn í Reykjavík 26/11 55
Gjald kr. *99000*
Greitt *Sveinbjörnsson*

Skjal nr. B
birtakrifa til binnlösingar

18. 04. 1997

STUMHIT STUMFLAÐ M.

kr.

591A

YFIRLÝSING VARÐANDI HAFNARSTRÆTI 17, REYKJAVÍK.

Með kaupsamningi dags. 30. maí 1991 og afsali dags. 12. júní 1992 seldu Sigrún Dungal, Páll Halldór Dungal og Sveinn Valfells til borgarsjóðs Reykjavíkur hluta fasteignarinnar nr. 17 við Hafnarstræti, Reykjavík, þ.e. lóðarspildu, sem er 221 fm. að stærð og allar bakbyggingar á lóðinni sem snúa að Tryggvagötu. Þessar byggingar voru keyptar til niðurrifs.

Jafnframt tóku ofangreindir seljendur að sér, að annast niðurrifið og breytingar á bakhlið hússins, sem snýr að Hafnarstræti. Þessi samningskvöð hvílir á núverandi eigendum þess hluta fasteignarinnar Hafnarstræti 17, sem ekki var seld til borgarsjóðs Reykjavíkur með afsali frá 12. júní 1992 samkvæmt ofangreindu.

Reykjavíkurborg fellst á fyrir sitt leyti, að ofangreind kvöð, megi flytjast á eigendur á hverjum tíma að þeim hluta fasteignarinnar Hafnarstræti 17, sem nú er í eigu Sigrúnar Dungal, Páls Halldórs Dungal og Sveins Valfells, enda skuldbindi þau sig til að binda viðsejendur sína með ákvæði um þetta efni í sölusamningi og afsali og þinglýsa kvöð sama efni á fasteignina. Að því fullnægðu, fellur samningskvöðin gagnvart borgarsjóði niður að því er varðar ofangreinda aðila persónulega, nema þeir séu eigendur umrædds hluta fasteignarinnar.

Að ofangreindum skilyrðum fullnægðum, heimilar borgarsjóður Reykjavíkur fyrir sitt leyti, að það séu eigendur umrædds hluta fasteignarinnar, hverjir sem þeir kunna að vera, sem skuldbundnir eru til að annast niðurrif allra bakbygginga sem snúa að Tryggvagötu og breytingar á bakhlið hússins sem snýr að Hafnarstræti á sinn kostnað og borgarsjóði að kostnaðarlausu.

Reykjavík, 17. apríl 1997.

F.h. borgarsjóðs Reykjavíkur,



[Handwritten signature]
en